



Breytingin á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar til að hægt verði að leyfa starfsemi félagsins á Álfnesi er komin inní umsagnarferli í Skipulagsgáttinni: <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/716>

Það er opið fyrir athugasemdir til 4. apríl en þá tekur við úrlausnartími sem er einhverjar vikur. Þegar þetta rennur í gegn þá fyrst getur félagið sótt um nýtt starfsleyfi !!

Vek athygli ykkar á að umrædd aðalskipulagstillaga verður til kynningar í skipulagsgáttinni frá 22. febrúar og með athugasemdafresti til 4. apríl nk., sbr. hér að neðan og meðfylgjandi hlekk: <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/716>

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Skotæfingasvæði á Álfnesi

Skilgreining íþróttasvæðis (ÍP9)

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að breyta hluta iðnaðarsvæðis (I2) og opins svæðis (OP28) í íþróttasvæði fyrir

skotæfingar og skotíþróttir (ÍP9). Markmið breytingar er að skapa áframhaldandi skilyrði fyrir starfsemi skotfélaganna sem nú er til staðar á svæðinu, til skemmri tíma litið, meðan unnið er að því að finna framtíðarsvæði fyrir skotíþróttir á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan er kynnt í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum; sjá www.skipulagsgatt.is

. Auglýsingin stendur yfir

frá 22. febrúar 2024 til 4. apríl, 2024

. Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á vettvangi skipulagsgáttar fyrir

4. apríl 2024

. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs

Reykjavíkurborgar (

skipulag@reykjavik.is

).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar